

Dagskrá íslenska safnadagsins sunnudaginn 13. júlí 2014

Suðurland –Reykjanes

Listasafn Árnesinga

Austurmörk 21, 810 Hveragerði. S: 4831727 www.listasafnarnesinga.is

listasafn@listasafnarnesinga.is



Íslenski safnadagurinn 13. júlí 2014

Á Íslenska safnadaginn 13. júlí 2014 kl. 14 verður opnuð ný sýning í Listasafni Árnesinga í Hveragerði undir heitinu ***Snertipunktur.***

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Á sýningunni má sjá verk eftir sjö íslenska myndlistarmenn sem fæddir eru á árunum 1948-1966. Þeir hafa sýnt verk sín sem tveir aðskildir listamannahópar bæði hér á landi og erlendis auk þess að standa fyrir rekstri sýningarýma. Í öðrum hópnum eru Anna Eyjólfsdóttir, Ragnildur Stefánsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir og Þuríður Sigurðardóttir en þær ráku StartArt gallerí ásamt fleirum í nokkur ár. Í hinum hópnum eru þeir Birgir Snæbjörn Birgisson, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Helgi Þorgils Friðjónsson. Helgi Hjaltalín rak um tíma galleríð 20m², Helgi Þorgils hefur rekið Gallerí Gangurinn heima hjá sér í þrjá áratugi og Birgir Snæbjörn rekur Gallerí Skilti við heimili sitt. Viðfangsefni og efnisnotkun þessa listamanna er ólík en endurspeglar grósku samtímamyndlistar. Margrét Elísabet Ólafsdóttir, list- og fagurfræðingur sá um að velja saman verk á sýninguna.

Sýningin mun standa til 14. september.

Listasafn Árnesinga í Hveragerði er opið alla daga kl. 12-18

Byggðasafn Árnesinga

Eyrargötu 50, Eyrarbakka s: 483 1504/483 1087 www.husid.is lydurp@husid.is

Dagskrá safnanna á Eyrarbakka og Stokkseyri 13. júlí 2014

Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga:	Opið 11-18	Ókeypis á safnadaginn
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka:	Opið 11-18	Ókeypis á safnadaginn
Rjómabúið á Baugsstöðum:	Opið 13-18	Aðgangseyrir
Þuríðarbúið á Stokkseyri	Opin allan daginn. Ókeypis alltaf.	



Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga.

Grunnsýning um sögu Hússins og valda þætti úr mannlífi héraðsins. Sérýning í borðstofu: *Ljósan á Bakkanum*. Sýningin fjallar um Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka 1883-1926, kjör ljósmæðra og aðstæður fæðandi kvenna.

Sérýning í Assistentahúsi í samvinnu við Árnastofnun: *Handritin alla leið heim*, *Skáldskaparfræði* í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar handritasafnara.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Grunnsýning um sögu Eyrarbakka með áherslu á sjósókn.

Sérýningar: Ljósmyndasýningin *Vélbátar frá Eyrarbakka* og *Blátt eins og hafið* þar sem gestir Sjóminjasafns geta nú skoðað úrval blárri gripa sem voru veiddir úr geymslu safnsins og færðir saman á litla sýningu. Gripirnir eru frá ólíkum tímum og koma víða að úr Árnassýslu.

Rjómabúið á Baugsstöðum.

Skammt austan Stokkseyrar er Rjómabúið á Baugsstöðum, hið eina sem varðveist hefur frá fyrri tíð. Rjómabúið á Baugsstöðum er opið um helgar í júlí og ágúst kl. 13-18.

Leiðsögn kl:14 Söguganga um Eyrarbakka. Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur fer um slóðir Þórdísar Símonardóttur ljósmóður.

Veiðisafnið á Stokkseyri

Eyrarbraut 49, Stokkseyri S: 483 1558, www.hunting.is museum@hunting.is

Veiðisafnið á Stokkseyri verður opið að venju á íslenska safnadaginn 13. Júlí 2014 frá 11-18 Aðgangseyrir 1250 kr börn 6-12 ára 650 kr.

Sagnheimar Safnahúsi Vestmanneyja

Ráðhúströð, Vestmannaeyjum. S: 488 2045 www.sagnheimar.is
sagnheimar@sagnheimar.is

Safnahús Vestmannaeyja er opið í sumar kl. 10 – 17 virka daga og 11-17 alla aðra daga.

Í Sagnheimum, byggðasafni eru sýningar sem segja frá sjómennsku, Heimaeyjargosinu, Tyrkjaráni, með sjóræningjahelli fyrir börnin, Þjóðhátíð, íþróttum, sögu kvenna, búningum og margt annað forvitnilegt.

Aðgangseyrir er 1.000 kr., 600 kr. fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn yngri en 18.

Í Einarstofu Safnahúss opnar 12. júlí kl. 15 sögusýning um merki Þjóðhátíðar 1970-2014 með dagskrá.

Sýningin verður opin fram yfir Þjóðhátíð.
Frítt er inn í Einarstofu.

Allir hjartanlega velkomnir!

Byggðasafnið Skógum

Skógar, 861 Hvolsvelli. S: 487 8845 www.skogasafn.is
skogasafn@skogasafn.is
Opið frá 9-18

Á íslenska safnadaginn er ókeypis aðgangur að Samgöngusafninu í Skógum.

Safnið var opnað árið 2002 og lýsir þróun samgangna og tækni á Íslandi á 19. og 20. öld. Hlutverk Samgöngusafnsins í Skógum er söfnun, varðveisla og sýning muna og minja um þróun samgangna í landinu. Þarna getur að líta gömul reiðtygi, gamla bíla, vegagerðartæki, verkfæri og ferðabúnað frá ýmsum tímum og margt fleira. Hér eru spennandi sýningar um þróun síma og fjarskipta í landinu á 20. öld, en einnig er saga pósthjónustu og rafvæðingar rakin í munum og myndum.

Í júní 2008 opnaði Slysavarnafélagið Landsbjörg í samvinnu við Skógasafn nýja sýningu í Samgöngusafninu sem gerir áttatíu ára sögu björgunarsveitanna í landinu skil með textum, myndum og ýmsum björgunarbúnaði sveitanna.

Helstu samstarfsaðilar Skógasafns eru Þjóðminjasafn Íslands, Vegagerðin, Íslandspóstur, RARIK, Síminn, Míla og Landsbjörg en þessir aðilar hafa lagt muni til sýningarinnar.

Í Samgöngusafninu er veitingastaðurinn Skógakaffi og safnverslun.

Reykjanes

Byggðasafn Garðskaga

Skagabraut 100, Garði. S: 894 1235 www.svgardur.is gardskagi@simnet.is

Safnið er opið frá 13 - 17 alla helgina.

Sýningar á íslenska safnadaginn

Lífið í landi safnið og Fast þeir sóttu sjóinn, Vélar Guðna Ingimarssonar standa til sýnis og trukkurinn Hólmsteinn er opinn á útisvæðinu

Tobba - myndlistasýning / sölusýning.

Smáverk í stórbæ - olía á striga.

Listasafnið Sveinssafn

Trönuhrauni 1, Hafnarfjörður. S: 860 7211 www.facebook.com/sveinssafn

Listasafnið Sveinssafn í Krýsuvík verður opið sunnudaginn 13. júlí frá kl 13 til 17 þar sem skoða má nýja málverkasýningu sem ber heitið *Bréf frá Sveini*.

Leiðsögn verður um sýninguna og húsið sem sjálf er kannski mesta listaverkið. Sjá nánar um Sveinssafn á Facebook undir Sveinssafn.

Safnið er opið fyrsta sunnudag í hverjum mánuði í sumar.

Söfnin í Reykjanesbæ í Duushúsi

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar Duusgötu 2-8, 230 Reykjanesbæ.
S: 421-3796, duushus@reykjanesbaer.is

Opið virka daga 12-17, helgar 13-17

Ókeypis aðgangur Duushús

Í sumar er boðið upp á eftirtaldar sýningar:

Bátasalur: Batafloti Gríms Karlssonar.

Listasalur: Sumarsýning Listasafnsins,

Dæmisögur úr sumarlandinu, einkasýning

Karólínu Lárusdóttur.

Gryfjan: Hönnun á Suðurnesjum, samstarfsverkefni með Hönnunarklasanum Maris.

Bíósalur: Ljósmyndasýningin Þrælkun, þroski,



Þrá frá Þjóðminjasafni Íslands.

Bryggjuhús, Gestastofa: Gömul málverk og ljósmyndir af Duushúsum í eigu safna Reykjanesbæjar.

Bryggjuhús, Erlingsstofa: Sýning á skúlptúrum Erlings Jónssonar.

Bryggjuhús, Miðloft: Ný sýning Byggðasafnsins, Þyrping verður að þorpi, saga bæjarfélagsins.

Bryggjuhús, Ris: Húsið sjálft með því sem fylgir.

Víkingaheimar

Víkingabraut 1, 260 Reykjanesbæ. S: 422-2000 vikingaheimar.is
info@vikingaheimar.is

Opið alla daga frá kl. 11-18

Aðgangseyrir kr. 1.200

Eldri borgarar / öryrkjar / nemendur kr. 1000

Frítt er fyrir börn yngri en 14 ára í fylgd með fullorðnum

Fimm sýningar:

Víkingaskipið Íslendingur

Víkingar Norður-Atlantshafsins

Landnám á Íslandi – fornminjar af Suðurnesjum

Örlög guðanna – norræn goðafræði

Söguslóðir á Íslandi



Rokksafn Íslands

Hljómahöll

Hjallavegi 2, 260 Reykjanesbæ. S: 420-1030 www.rokksafn.is
info@hljomaholl.is

Opið alla daga frá kl. 12-17

Aðgangseyrir kr. 1.500

Frítt fyrir 12 ára og yngri

Saga popp- og rokktónlistar á Íslandi.

Verið velkomin !

